

## Gjaldskrá fyrir frístundaheimili í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. janúar 2022

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. janúar 2022 verður samkvæmt eftirfarandi:

**Frístundaheimili (ath. um er að ræða mánaðargjald).**

<u>Þjónusta</u>	<u>þátttaka</u>	<u>hressing</u>	<u>samtals</u>
<b>Vistun 5 daga</b>	16.653	4.808	21.461
<b>Vistun 4 daga</b>	13.580	3.850	17.430
<b>Vistun 3 daga</b>	10.482	2.881	13.363
<b>Vistun 2 daga</b>	7.395	1.938	9.333
<b>Vistun 1 daga</b>	4.279	982	5.261
<b>Lengd viðvera</b>	2.498		2.498

Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla, frístundar, lengdrar viðveru og dagforeldra. Systkinaafsláttur er 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni. Afsláttur reiknast alltaf á elsta barnið. Einungis er veittur afsláttur af vistunargjaldi í frístund. Skilyrði er að hafa sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:00 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það 2.498 kr. á dag og er þá talað um lengda viðveru. Óskað er eftir sér skráningu þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.

Tímabundnar viðbætur við gjaldskrá sem renna út 10. júní 2022. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem nýta sér þjónustu frístundaheimila Árborgar á Selfossi, oft í viku (3-5 daga) og einungis fyrri hluta dagsins eða frá kl. 13:00 - 14:30 geta skráð þau í styttri vistun og greitt samkvæmt sérstakri gjaldskrá að neðan: Stutt vistun 13:00 – 14:30, án hressingar:

1. dagur: 4.297 kr.
2. dagar: 7.395 kr.
- 3.dagar: 8.164 kr.
- 4.dagar: 9.796 kr.
- 5 dagar: 11.430 kr.

**Sumarfrístund (ath. um er að ræða vikugjald).**

<b>Þjónusta</b>	<b>Þátttaka</b>
<b>Námskeið 5 daga</b>	10000
<b>Námskeið 4 daga</b>	8000
<b>Lengd viðvera morgun</b>	1000
<b>Lengd viðvera síðdegis</b>	1000

Ef skráð er fyrir 1. júní ár hvert fæst 20% afsláttur af þáttökugjaldi.